

Alþingi
Erindi nr. P 139/278
komudagur 11. 2010

From: Kolbrún Jónsdóttir [mailto:kolbrun@logmannastofa.is]
Sent: 17. nóvember 2010 11:41
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Subject: Varðar lög um umboðsmann skuldara

152.mál

Góðan daginn

Neðangreint skeyti sendi ég dóms – og mannréttindaráðherra þann 11. nóvember s.l. og ítrekaði erindið í fyrradag og enn og aftur í dag en ég fæ engin svör. Ég sendi sama erindi á efnahags – og viðskiptaráðherra í dag.

Það er að skapast neyðarástand vegna krafna þar sem lögveðsréttur fýrnist á mörgum kröfum hinn 1. desember n.k. verði ekki birtar stefnur fyrir þann tíma.

Mér þætti vænt um að þurfa ekki að senda þetta erindi til dagblaða í formi opins bréfs til ríkisstjórnarinnar.

Kv. Kolbrún Jónsdóttir

Sæll Ögmundur

Við hér á stofunni störfum mikið við innheimtu fyrir húsfélög sem eins og þér er líklega kunnugt um eru félög íbúðareigenda í fjöleignarhúsum. Húsfélögin sjá um allan sameiginlegan rekstur sem og að greiða fyrir hita í séreignarhlutum og er þetta innheimt mánaðarlega af íbúðareigendum. Þessi gjöld njóta lögveðsréttar (þ.e. ganga fyrir öðrum veðkröfum) í eitt ár frá gjalddaga. Til að sá réttur fýrnist ekki ber nauðsyn til að stefna viðkomandi til greiðslu og til staðfestingar á lögveðsrétti innan 12 mánaða frá gjalddaga. Nú er svo komið að um leið og fólk sækir um greiðsluaðlögun til umboðsmanns skuldara þá frestast tímabundið allar greiðslur viðkomandi og óheimilt er skv. lögunum að krefja um greiðslur. Við höfum verið í sambandi við Hafliða sem er lögfræðingur hjá Umboðsmanni skuldara og hann tjáði okkur að kröfur Húsfélaga sem þarna lentu milli stafs og hurðar myndu tapast. Það verður að teljast afar óeðlilegt og beinlínis ósanngjarnt og óheiðarlegt gagnvart þeim íbúum fjöleignarhúsa sem geta, sumir með herkjum, staðið í skilum að þeir eigi núna að bæta á sig gjöldum annarra íbúa sem leita eftir greiðsluaðlögun. Spurning hvort það er ekki hreinlega brot á mannréttindum.

Tökum sem dæmi stigagang með 6 – 8 íbúðum og 5 – 7 íbúðareigendur sæktu um greiðsluaðlögun og 3ja mánaða húsgjöld þeirra allra lentu þannig milli stafs og hurðar er þá hugmynd ykkar að þessi eini sem stendur í skilum eigi að greiða þessi gjöld fyrir alla?

Okkur skildist á ofan nefndum Hafliða að það væri eitthvað verið að krukka í þessi lög varðandi ábyrgðarmenn og þá er spurningin hvort ekki sé eðlilegt að taka þennan póst inní líka annað hvort með þeim hætti að umsókn um greiðsluáðlögun rjúfi fyrningu lögveðskrafna eða með því að heimila að mál til staðfestingar á lögveðsrétti verði höfðuð þrátt fyrir slíka umsókn.

Vinsamlegast staðfestu móttöku þessa skeytis og vænt þætti mér um að heyra þína afstöðu til málsins.

Með kveðju / With regards
Kolbrún Jónsdóttir

G. Jónsson & Partners ehf.
Lögmannastofa Ásgeirs Björnssonar hdl.
Borgartúni 33, 105 Reykjavík